



Verndarsvæði í byggð

# Þormóðseyri Siglufirði

Tillaga og greinargerð

Febrúar 2018



KANON ARKITEKTAR



# EFNISYFIRLIT

---

Tillaga .....	3
1 Inngangur .....	3
2 Tillaga að verndarsvæði í byggð .....	4
2.1 Afmörkun verndarsvæðis .....	4
2.2 Staða verndarsvæðis innan skipulags.....	4
2.3 Skilmálar .....	5
Greinargerð .....	6
3 Lýsing á byggðinni.....	6
3.1 Saga og þróun byggðar .....	6
4 Mat á varðveislugildi byggðar .....	8
4.1 Greining á svipmóti byggðar.....	8
4.2 Byggingarlist, listrænt gildi .....	8
4.3 Menningarsögulegt gildi.....	9
4.4 Umhverfigildi.....	9
4.5 Upprunalegt gildi .....	11
4.6 Ástand.....	11
4.7 Varðveislugildi .....	11
5 Verndarflokkar.....	13
6 Niðurstaða .....	15
7 Samráð og samþykkt sveitarstjórnar.....	16
8 Heimildir .....	17

# TILLAGA

## 1 INNGANGUR

---

Bæjarstjórn Fjallabyggðar leggur til að svæði á Siglufirði sem afmarkast af Aðalgötu til suðurs, Norðurgötu til austurs, Eyrargötu til suðurs og Grundargötu til vesturs, verði gert að „verndarsvæði í byggð“, samkvæmt lögum nr. 87/2015 og reglugerð nr. 575/2016.

Samkvæmt lögum þessum er lögð fram tillaga að varðveislu afmarkaðs svæðis innan þéttbýlis og skilgreindir þeir þættir í svipmóti byggðarinnar sem talið er mikilvægt að varðveita og settir skilmálar sem tryggja verndun þess.

Reiturinn sem liggur til grundvallar tillögu um verndarsvæði á Þormóðseyri er gott sýnishorn af þeirri byggð sem þróaðist snemma á 20. öld á grundvelli reitaskipulags sr. Bjarna Þorsteinssonar frá 1918. Svæðið hefur að geyma mikla sögu um upphaf byggðar og skipulags á Siglufirði. Næst elsta hús bæjarins kennt við Sæby er innan reitsins og er byggt árið 1886.

Staðarandi (e. genius loci) er tilfinning sem við upplifum í umhverfi okkar er við ferðumst um götur og hverfi borga og bæja. Staðarandi samanstendur af mörgum þáttum í umhverfinu s.s. hlutföllum og hæðum húsa, áferð, litum, formum, gróðri o.fl. og endurspeglar þann tíma sem umhverfið hefur mótast í. Heildin skiptir öllu máli í þessu samhengi því það er heildin sem skapar þessa tilfinningu fyrir anda staðar. Í verkefni þessu sem liggur til grundvallar verndarsvæðis í byggð, verður leitast við að leggja mat á svipmót heildarinnar og gera tillögu að verndum hennar.

Skýrsla þessi skiptist í tvo hluta; fyrri hluti fjallar um tillöguna sem lögð er fram á grundvelli greiningar á svipmóti byggðar, seinni hluti er greinargerð sem tillagan byggir á og er unnin út frá húsakönnun og fornleifaskráningu á svæðinu. Fylgirit þessarar skýrslu er skráning forleifa, húsa og mannvirkja á svæðinu sem unnin var af Birnu Lárusdóttur hjá Fornleifastofnun Íslands og Birki Einarssyni hjá Kanon arkitektum.


Íris Stefánsdóttir, tæknifulltrúi.



## 2 TILLAGA AÐ VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ

### 2.1 AFMÖRKUN VERNDARSVÆÐIS

Svæðið sem um ræðir er um 7.000 m<sup>2</sup> að stærð og afmarkast eins og áður sagði af fjórar götum; Aðalgötu, Norðurgötu, Eyrargötu og Grundargötu. Saman mynda húsinn þyrpingu með ákveðið menningarsögulegt gildi.



Mynd 1. Afmörkun verndarsvæðis

Kort: Tækniæld Fjallabyggðar

### 2.2 STAÐA VERNDARSVÆÐIS INNAN SKIPULAGS

Í Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008 – 2028 er svæðið skilgreint sem miðsvæði með hverfisvernd. Uppbygging og endurgerð eldri merkra húsa hefur átt sér stað í hverfinu og er gert ráð fyrir að halda áfram á sömu braut og mynda heildstætt hverfi húsa með menningarsögulegt gildi. Hverfið býður einnig upp á þéttingu byggðar t.d. með flutningi á eldri húsum sem varðveislugildi hafa (Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028, bls. 30).



Mynd 2. Staða verndarsvæðis innan aðalskipulags.

Kort: Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028

## 2.3 SKILMÁLAR

Engar verulegar breytingar hafa orðið á yfirbragði reitsins frá 1930 eða þar um bil og er varðveislugildi svæðisins hátt. Ekki eru miklir möguleikar til uppbyggingar á svæðinu og munu því skilmálar miðast að mestu við að styrkja núverandi svipmót byggðar þannig að allar breytingar á svæðinu falli að götumynd og upprunalegu útliti svæðisins. Lagt er upp með að skilmálarnir ýti undir þann staðaranda sem einkennir svæðið og varðveiti upprunalega ásýnd þess. Með þessu er stigið skref í átt að markandi stefnu gagnvart varðveislu og ásýnd húsa í miðbæ Siglufjarðar. Eftir mat á varðveislugildi byggðarinnar sem unnið var út frá húsa- og fornleifakönnun eru lagðir til eftirfarandi skilmálar fyrir verndarsvæðið.

Skilmálar:

- Hús standi við gangstéttar.
- Við endurnýjun gangstétta verði áfram hafður gangstéttakantur og yfirborðsefni steypa eða hellulögn. Við Aðalgötu verði gangstéttar hellulagðar.
- Við endurgerð eða uppbyggingu nýrra húsa skal klæðning vera lóðrétt bárujárn, múr- eða timburklæðning í anda húsanna sem fyrir eru á svæðinu.
- Hámarkshæð nýrra húsa skal vera 7m og þakgerð bárujárnsklædd mænispök.
- Öll uppbygging og endurgerð húsa skal stuðla að styrkingu heildarásýndar svæðisins, viðhalda og draga fram sérstöðu þess, samræma umfang, útlit og litaval bygginga.
- Ljósastaurar á svæðinu verði lægri en þeir sem fyrir eru og með „gamaldags“ útliti. Einnig lagt til að ljósastaurar meðfram allri Aðalgötu verði með sama útliti.



Mynd 3. Dæmi um útfærslu gangstétta og ljósastaura í eldri hverfum víðsvegar um landið.

Ljósmyndir: já.is

# GREINARGERÐ

## 3 LÝSING Á BYGGÐINNI

---

Eyrin er að mestu náttúruleg, talin hafa myndast í kjölfar öflugra (jarðvegs) framhlaupa úr Hvanneyrarskál. Jaðrar hennar einkenndust af malarkömbum og sandfjörum. Jarðvegur svæðisins er kaldur og blautur (mýrlendi) og hentar illa til húsbygginga (Ingólfur Kristjánsson, 1988). Talsverðum jarðvegsfyllingum hefur í seinni tíð verið bætt í jaðrana og gefa Eyrinni það sviptmót sem hún hefur í dag.


### 3.1 SAGA OG ÞRÓUN BYGGÐAR

Séra Bjarni Þorsteinsson setti mark sitt á Þróun Siglufjarðar strax í upphafi 20. aldar og er oft kallaður *faðir* Siglufjarðar. Hann átti mikinn þátt í því að Siglufjörður fékk kaupstaðarréttindi 1918. Bjarni fæddist 1861 og kom til Siglufjarðar 27 ára gamall (1888), þá nývígður og skipaður sóknarprestur fyrir Hvanneyrar- og Kvíabekkjarsóknir. Auk þess að vera prestur og tónskáld, hafði hann mikinn áhuga á verðferðarmálum og ekki síst skipulagsmálum staðarins.

Hin tilkomumikla landslagsumgjörð bæjarins gerði mönnum lengi erfitt fyrir með allar samgöngur á landi. Lífæð samskipta s.s. vegna fólks- og vöruflutninga er þannig lengst af sjóleiðis. Þessu fylgdi töluverð einangrun sem mótaði bæjarbraginn lengi vel. Samgöngumál Siglufirðinga verða í raun ekki fullnægjandi fyrr en í byrjun 21. aldar.

Sagan segir að um aldamótin 1900 hafi verið ein moldargata á Þormóðseyri, (Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028, 2010) Gránugata sem enn þjónar sem aðal götutengingin milli íbúðarbyggðarinnar og hafnarsvæðisins. Lega götunnar er rökrétt tenging milli sjávarkambsins og híbýlanna sem stóðu eilítið ofar á eyrinni í skjóli frá norðanvindinum.

Hér liggur e.t.v. sá grunnur sem Bjarni byggir sitt skipulag á. Gránugata hefur austur/vestur stefnur og liggur meðfram suður-ströndinni. Leiðin milli bryggju og byggðar hefur norður/suður stefnur. Þarna eru tveir ásar með skurðpunkt u.þ.b. þar sem Faktorshúsið stóð. Bjarni snýr þó suður/ norður ásnum (um 15-20°) þannig að hann verður nærri því hornréttur á Gránugötu ásinn (sjá skýringarmyndir á bls. 7). Aðalgata er hinsvegar sett í öndvegi í nýja skipulaginu, líklega til að skapa fjarlægð og gefa eftir nægilegt landrými fyrir ört vaxandi hafnarstarfsemina. Við Aðalgötu blómgast verslun og þjónusta. Þegar best lét er talið að yfir 70 verslanir hafi verið í bænum.



## 4 MAT Á VARÐVEISLUGILDI BYGGÐAR

Hér verður lagt mat á varðveislugildi byggðarinnar sem lagt er til að verði gerð að verndarsvæði. Varðveislugildi svæðisins er fólgið í ríkjandi einkennum úr skipulagi sr. Bjarna Þorsteinssonar ásamt sýnilegum ummerkjum um eldra búsetumynstur.

### 4.1 GREINING Á SVIPMÓTI BYGGÐAR


Svipmót byggðarinnar einkennist af litlum einbýlishúsum sem voru heimili alþýðufólks við upphaf 20. aldar og reitaskiptu gatnaskipulagi Bjarna Þorsteinssonar. Húsin standa þétt upp við gangstéttar og mynda þægileg hlutfall húshæða og breidd gatna á mannlegum skala sem gerir svæðið svo eftirsóknarvert.

Skipulagsleg einkenni svæðisins eru áberandi þáttur sem spilar stórt hlutverk í að fanga anda staðarins. Þessi einkenni eru gatnanet úr skipulagi Bjarna Þorsteinssonar sem gefur sterka skírskotun í hugsunarhátt fyrri tíma þar sem undirlendi var af skornum skammti og bæjarlandið því vel nýtt og byggt þétt.

### 4.2 BYGGINGARLIST, LISTRÆNT GILDI

Einkenni byggingarlistar á svæðinu eru lágreist timburhús á steiptum sökkli með kjallara, risi og litríkum bárujárnspökum. Stíllinn er klassískur, norrænn og umfram allt látlaus. Steypti hlutinn er hálfniðurgrafinn á nokkrum þeirra, einkum þó við Grundargötu. Norðurgata 7a og Eyarargata 11 eru steinsteypthús í anda steinsteypuklassíkur. Húsin standa flest á lóðarmörkum við gangstétt og mynda þannig skemmtilega götumynd. Einkenni byggingarlistar byggðarinnar innan verndarsvæðisins er mikilvægur hluti af heildarmynd miðbæjarins en þar stendur m.a. elsta hús bæjarins, Sæbyhús sem er reist árið 1886. Jóakimshús sem stendur við Aðalgötu 20 var flutt á svæðið en stóð áður á Lindargötu til móts við kirkjuna. Jóakimshús líkist húsi sem áður stóð á sama stað og því kærkomin viðbót við verndarsvæðið, þrátt fyrir að staðsetning þess hefði mátt falla betur að götumynd og standa við lóðarmörk líkt og flest önnur hús á svæðinu.

Miðlungs varðveislugildi.





### 4.3 MENNINGARSÖGULEGT GILDI

Svæðið hefur mikið menningarsögulegt gildi. Þar standa hús eins og Grundargata 10 og Norðurgata 3 sem eru á skjön við reitaskipulag á eyrinni og gefa okkur hugmynd um eldri bæjarmynd, fyrir tíma Bjarna Þorsteinssonar. Við Aðalgötuna er mikil hefð fyrir verslun og þjónustu en á horni Aðalgötu og Grundargötu hefur verið pósthjónusta í tugi ára en sú þjónusta hefur nýlega flutt í annað húsnæði við Aðalgötuna og óvíst um framtíðarnotkun Aðalgötu 24. Við Aðalgötu 22 stóð áður verslunarhúsnæði með íbúð á efri hæð hússins. Í Norðurgötu 5 sem nú er verið að færa í upprunalegt form að utan og lagfæra að innan var áður fyrsta kvikmyndahús bæjarins, í seinni tíð hefur það verið notað sem íbúðarhúsnæði. Reiturinn í heild sinni er ágætur minnisvarði um siglfirsku smáhýsin sem reist eru í byrjun 20. aldar. Með þeim varðveitist saga mikilla umbreytinga í Íslensku samfélagi.

Menningarsögulegt gildi er hátt.

### 4.4 UMHVERFISGILDI

Svæðið myndar ákveðna heild ásamt götunum í kring og húsunum hinum megin götunnar. Gróður á milli lóða fær að vaxa nokkuð frjálst (sjá gróðurkort á bls. 11). Að bæjarlóð er miðsvæðis á reitnum. Lóðir við Norðurgötu hafa ekki jafn skýrt afmörkuð lóðamörk og lóðirnar við Grundargötu. Það gerir yfirbragðið milli húsanna samfelldara en ella.

Svæðið hefur þannig nokkuð frjállega ímynd og dafnar trjágróður þokkalega innan þess. Ilmreynir dafnar einna best á reitnum en einnig má finna aspir (*Populus sp.*), sitkagreni (*Picea sp.*), ilmbirki (*Betula sp.*), víðir (*Salix sp.*), elri (*Alnus sp.*) og ylli (*Sambucus sp.*) á svæðinu. Ýmsar tegundir fjölærra plantna eru á svæðinu.

Umhverfisgildi er miðlungs.



Mynd 4. Gróður milli lóða, bakgarðar Grundargötu 8, 10 og 12.



Mynd 5. Grænt yfirbragð reitsins.

#### 4.5 UPPRUNALEGT GILDI

Eins og áður hefur komið fram er andi staðar ápreifanlegur í þessum gömlu húsum sem mörg hafa verið færð í upprunalegt horf. Formgerð húsa er þó að mestu óbreytt þrátt fyrir mismunandi gluggagerðir og klæðningar seinni tíma. Staðsetning húsanna innan göturreits er líka að miklu leyti upprunalegt. Nokkur hús sem risu fyrir tíma skipulagsins standa enn og bera eldri bæjarmynd vitni á þann hátt að þau standa á skjön við áttahorf núverandi götumyndar sem nemur 15-20°. Þau eru þannig eini sýnilegi vitnisburðurinn um eldri bæjarmynd og mikilvæg sem slík burtséð frá húsagerðinni sem vissulega er mikilvæg heimild frá þessum tíma. Hæg frampróun verður í skipulagsmálum Siglfirðinga á seinni hluta 20. aldar. Skarpar andstæður í byggingarstíl verða smám saman til á svæðinu, m.a. með nýbyggingu Pósts og síma 1964. Virðing fyrir gamla hluta bæjarins nær þarna e.t.v. ákveðnum lágpunkti. Þrautseigja áhugamanna um varðveislu menningarminja stuðlar síðan smám saman að auknum áhuga fyrir þeim arfi sem Þormóðseyri m.a. geymir. Frá aldamótum hafa skipulagsmál sveitarfélagsins verið tekin fastari tökum og nú er horft til lengri framtíðar. Verndunarákvæði byggðamynsturs í skipulagslögum eru nýtt með hverfisverndun reitsins í nágildandi aðalskipulagi og næstu skerf verða stigin með tillögu um verndarsvæði í byggð.



Mynd 6. Grundargata 10.

Mynd: Birna Lárusdóttir

Upprunalegt gildi er hátt.

#### 4.6 ÁSTAND

Ástand svæðisins er nokkuð gott þegar til heildarinnar er litið en þegar litið er til einstakra húsa eru þau í misjöfnu ásigkomulagi og sum þarfnast mun meira viðhalds en önnur. Mikill áhugi hefur verið undanfarin ár meðal bæjarbúa og húseigenda að viðhalda húsum sínum og færa þau í upprunalegt horf og eru flest hús á verndarsvæðinu sem hér er til umfjöllunar, í góðu ásigkomulagi og hefur upprunaleika þeirra verið gerð góð skil.

Ástand er gott.

#### 4.7 VARÐVEISLUGILDI

Reitaskipt skipulag Bjarna Þorsteinssonar mætti telja til eins af sérkennum Siglufjarðar og hefur varðveislugildi sem slíkt, enda setur það mjög afgerandi svip á bæinn, ekki aðeins gatnakerfið heldur einnig staða húsanna sem hafa verið reist fast út við gangstéttar og hafa afgerandi áhrif á götumyndir. Svæðið hefur hátt varðveislugildi og ekki er gert ráð fyrir mikilli uppbyggingu innan þess. Hinsvegar verður leitast til við að vernda húsagerðina og skipulagslega stöðu húsa innan göturreits. Varðveislugildi svæðisins er ekki einungis fólgið í hinum ríkjandi einkennum sem eru afleiðing af skipulagi Bjarni heldur

einnig í sýnilegum ummerkjum um eldra búsetumynstur og ekki síður í þeim fáu vísbendingum sem við höfum um enn eldri byggð.




*Mynd 7, góð hlutföll í götummynd Grundargötu*

## 5 VERNDARFLOKKAR

---

Niðurstöður varðveislumats eru hér dregnar saman og verndarflokkar skilgreindir út frá varðveislugildi húsa og mannvirkja, götummynda, húsaþyrpinga og heilda og afmarkaðra reita innan verndarsvæðisins. Á næstu síðu eru kort sem sýna annarsvegar mat á byggðamynstri og hinsvegar kort sem sýnir niðurstöðu varðveislumats heilda og húsa samkvæmt aldurgreiningu.



## 6 NIÐURSTAÐA


---

Sýnilegar fornleifar eru ekki á reitnum ef undanskilin eru hús sem enn eru uppstandandi og eru eldri en 100 ára. Þó er sennilegt að minjar geti leynst undir sverði, ekki síst á opnu svæði milli húsanna, en þar sést ekkert sem setur svip eða hefur áhrif á ásýnd svæðisins nú. Varðveislugildi svæðisins er ekki einungis fólgið í hinum ríkjandi einkennum sem eru afleiðing af skipulagi Bjarna heldur einnig í sýnilegum ummerkjum um eldra búsetumynstur og ekki síður í þeim fáu vísbendingum sem við höfum um enn eldri byggð. Helsti styrkleiki svæðisins og aðdráttarafl er skipulag þess. Svæðið verður til fyrir tíma bíla og stórverslana og er því unnið út frá þörfum manneskjunnar og á manneskjulegum skala. Lagt er til að upphæfja þann styrkleika með þeim skilmálum sem lagðir eru fram í tillögu að vernd, sjá kafla 2.3.



*Mynd 8. Ytra hús við Aðalgötu 23 í forgrunni.*

Við vinnslu á verkefninu var því velt upp hvort ástæða væri til að stækka verndarsvæðið þannig að það næði yfir heilar götumyndir, enda má telja þær til sjónrænna heilda. Ef horft er til eldra byggðarmynsturs væri sömuleiðis rakið að telja húsin sunnan við reitinn til verndarsvæðis. Á korti Bjarna Þorsteinssonar frá 1888 má sjá upphaf byggðar teygja sig frá hafnarsvæðinu og norður eftir eyrinni og eru þar hús sem enn standa og mynda elsta byggðarkjarna bæjarins, Maddömmuhús við Norðurgötu 1, Ytrahús við Aðalgötu 23 og Sæbyhús við Norðurgötu 3. Í framtíðinni mætti skoða þennan möguleika á stækkun verndarsvæðis sem hér er nefnt, sjá tillögu að afmörkun á mynd 9.



Mynd 9. Hugmynd um stækkun verndarsvæðis í framtíðinni.

Kort: Tæknideild Fjallabyggðar

## 7 SAMRÁÐ OG SAMÞYKKT SVEITARSTJÓRNAR

Í júlí 2016 fól skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar, tæknideild að sækja um styrk úr húsafriðunarsjóði til að undirbúa tillögu að verndarsvæði í byggð. Í kjölfar styrkveitingarinnar voru fengin til verksins Birkir Einarsson hjá Kanon arkitektum sem sá um húsakönnun og Birna Lárusdóttir hjá Fornleifastofnun Íslands sem tók að sér vinnu við fornleifaskráningu.

Við upphaf vinnu við húsakönnun og fornleifaskráningu sumarið 2017, var verkefnið kynnt eigendum húsa á reitnum. Gengið var í hús og fengu íbúar upplýsingabækling sem útskýrði markmið og tilgang verndarsvæða í byggð, húseigendur sem ekki búa á staðnum fengu bæklinginn sendan í pósti. Upplýsingabæklingurinn er einnig aðgengilegur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Út frá sameiginlegri skýrslu húsakönnunar og fornleifaskráningar fyrir svæðið var unnin tillaga þessi ásamt greinargerð að verndarsvæði í byggð í samræmi við leiðbeiningarrit Minjastofnunar. Tillagan og greinargerð var kynnt á fundi skipulags- og umhverfisnefndar þann 7. mars 2018 sem samþykkti að hana til auglýsingar skv. 4. mgr. 5.gr laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015. Bæjarstjórn staðfesti ákvörðun skipulags- og umhverfisnefndar þann 14. mars 2018.

Tillagan var auglýst frá 21. mars – 2. maí 2018. Eigendum húsa á verndarsvæðinu var sent eintak af tillögunni ásamt því að tillagan var auglýst í bæjarblaðinu Tunnunni og á heimasíðu sveitarfélagsins. Einnig lá tillagan frammi á tæknideild Fjallabyggðar á kynningartímanum.

Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisnefnd tók málið til umfjöllunar eftir athugasemdafrest og vísaði málinu til afgreiðslu sveitarstjórnar sem samþykkti endanlega tillögu að verndarsvæði í byggð – Þormóðseyri Siglufirði á fundi þann 15. maí 2018. Tillögunni ásamt greinargerð og fylgiskjali var vísað til staðfestingar ráðherra eins og lög gera ráð fyrir.



## 8 HEIMILDIR

---

Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008 – 2028. Greinargerð og umhverfisskýrsla. 2010. Fjallabyggð.

Ingólfur Kristjánsson. 1988. *Siglufjörður 1818 – 1918 – 1988: 170 ára verslunarstaður*. 2. útg. endurbætt. Myllu Kobbí, Reykjavík.

Ljósmyndir og kort í skýrslunni, nema annað sé tekið fram: Kanon arkitektar